

7. gr.

50

Börn þau, er ljúka fullnaðarprófi, skulu fá skirteini um það, undirritað af kennara (eða skólastjóra) og prófdómara. 23. apríl

8. gr.

Prófskýrslur skulu sendar námsstjóra, en hann gerir fræðslumálastjóra grein fyrir þeim. Senda skal og fullnaðarprófskýrslur beint til fræðslumálastjóra.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og falla um leið úr gildi öll ákvæði, sem fara í bága við hana.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. apríl 1932.

Jónas Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Málfundasjóð Lónsmanna“, 51
útfegin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 30. 30. apríl
apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Málfundasjóð Lónsmanna.

1. gr.

Sjóður þessi nefnist Málfundasjóður Lónsmanna.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins, 200 krónur, er myndað af skuldlausri eign Málfundafélagsins og gjöf nokkurra meðlima.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt geymdur og ávaxtaður í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

51

30. apríl

4. gr.

Markmið sjóðsins skal vera að styrkja og verðlauna trjárækt og skrudgarða heima við bæi, ásamt hverja aðra heimilspýði innan takmarka Lónsveitar (Bæjarhrepps í Austur-Skaftafellssýslu).

5. gr.

Þegar sjóðurinn hefir aukizt svo, að hann gefi 100 króna ársvexti, skal úthluta $\frac{3}{4}$ vaxtanna samkvæmt 4. gr., en $\frac{1}{4}$ leggst við höfuðstólinn, svo lengi sem stjórn sjóðsins telur heppilegt. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi hreppstjóri og oddviti hreppsnefndar Bæjarhrepps ásamt 3 mönnum öðrum, sem kosnir séu af búnaðarfélagi eða ræktunarfélagi hreppsins. Úthlutar hún styrkveitingum og verðlaunum úr sjóðnum.

Sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu endurskoði og úrskurði reikninga sjóðsins ár hvert.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.